

Alþingi - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 28. nóvember 2007  
Tilv.: 0711034

*Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu kennslu í heilbrigðisvísindum í Háskólanum á Akureyri, 117. mál.*

Háskólinn á Akureyri fagnar umræddri tillögu til þingsályktunar og mælir með að hún verði samþykkt.

Varðandi eflingu kennslu í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri vill háskólinn einkum leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

- Fjölga nemendum sem leggja stund á nám í hjúkrunarfræði bæði í stað- og fjarnámi
- Koma á fót fjarnámi í iðjuþjálfun
- Efla framhaldsnám í heilbrigðisvísindum
- Styrkja samstarf á sviði ljósmóðurfræða milli HA og HÍ
- Kanna möguleika á því að starfrækja sérhæft framhaldsnám t.d. í dreifbýlislækningum og –hjúkrun.

Þessu til áréttingar er hér á eftir rakin í stuttu yfirliti starfsemi heilbrigðisdeildar. Heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri var stofnuð 1987. Innan deildarinnar eru þrjú fræðasvið heilbrigðisvísinda, þ.e. hjúkrunarfræði og iðjuþjálfunarfræði til B.S. prófs og framhaldsnám í heilbrigðisvísindum til Dipl. og M.S. gráðu. Í dag eru 284 nemendur innritaðir í nám við deildina.

Nám í hjúkrunarfræði og iðjuþjálfun er 120 einingar og tekur fjögur ár og lýkur með B.S. gráðu. Stór hluti námsins er samkenndur milli brauta eða um 42 einingar og mest er samkennslan á fyrstu tveimur árum námsins.

Beita hefur þurft fjöldatakmörkunum í hjúkrunarfræði undanfarin ár vegna skorts á námsplássum í klínísku námi. Haustið 2006 fékk háskólinn heimild stjórnvalda til að fjölga námsplássum í hjúkrunarfræði um tíu og nú er miðað við 48 nemendur árlega. Þess má geta að hjúkrunarfræðinni hefur haldist mjög vel á nemendum sínum og mjög fáir hætta námi eftir að þeir komast í gegnum fjöldatakmörkun. Heilbrigðisdeild hefur haft að markmiði að hverjum árgangi í heimanámi í hjúkrunarfræði fylgi hópur fjarnemenda. Miðað er við að a.m.k. 10 nemendur hefji námið hverju sinni. Fjarkennt er þannig til a.m.k. fjögurra staða á landinu árlega.

Í iðjuþjálfun hefur ekki þurft að beita fjöldatakmörkunum nema tvisvar sinnum á undanförunum árum. Ekki er hægt að nema iðjuþjálfun annars staðar hér á landi. Deildarfundur heilbrigðisdeildar samþykkti 8. júní sl. að stefna að því að fjarnám í iðjuþjálfun, sem er aðgengilegt nemendum um allt land, hefjist haustið 2008.

Framhaldsnám hófst við Heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri í janúar 1997 er meistaranámi í hjúkrunarfræði í samvinnu við the Royal College of Nursing Institute í Manchesterháskóla var hrundið af stað. Þessu samstarfi er nú lokið en alls brautskráðust 30 nemendur með meistarapróf í hjúkrunarfræði úr náminu.

Þrír brautskráðir nemendur frá hjúkrunarfræði luku doktorsprófi frá erlendum háskólum á fyrri hluta ársins 2007.

Stofnað var til samstarfs um meistaranám í iðjuþjálfun með samningi um fjarnám við Dalhousieháskóla í Kanada vorið 1999. Í gegnum þetta samstarf lauk einn nemandi meistaragráðu í iðjuþjálfun vorið 2006.


Heilbrigðisdeild hóf haustið 2003 að þróa nám á eigin vegum til meistaraprófs. Árið 2004 var í fyrsta sinn boðið upp á heilsteyppt þverfaglegt framhaldsnám í heilbrigðisvísindum til diplómu- og meistaragráðu. Um 60 nemendur eru nú innritaðir í þetta nám við deildina.

Heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri hefur byggt upp farsælt samstarf við fjölmargar stofnanir og einstaklinga, bæði innanlands og erlendis. Samstarfið er fjölbætt og tengir bæði nám og rannsóknir við fjölmarga aðila á heilbrigðisviði. Undirritaður var samstarfssamningur við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri 7. október 2002. Í framhaldi af því var ákveðið að koma á fót rannsóknastofnun innan heilbrigðisdeildar sem hlaut nafnið Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri (HHA). Háskólaráð samþykkti reglur um HHA þann 20. júní 2003 og voru þær gefnar út sem reglur nr. 876 hinn 20. nóvember sama ár. Gerðir hafa verið samstarfssamningar um kennslu og rannsóknir við LSH í júní 2006 og við Reykjalund endurhæfingu 20 júní 2007.

Í heilbrigðisdeild er lögð áhersla á grunn- og hagnýtar rannsóknir á sviði heilbrigðis og heilbrigðisþjónustu. Rannsóknavirkni kennara deildarinnar hefur farið mjög vaxandi á undanförunum árum.

Könnun sem gerð var meðal brautskráðra nemenda háskólans vorið 2005 leiddi í ljós ánægju nemenda heilbrigðisdeildar með fræðilegan undirbúning, handleiðslu kennara, persónulegt andrúmsloft og þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur gera vaxandi kröfur um fjölbreytta kennsluhætti og góða vinnuástöðu og deildin telur mikilvægt að mæta þeim kröfum.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Gunnarsson, rektor